

REGLUGERÐ

um veiðisvæði við úthafs-rækjuveiðar.

1. gr.

Skipum, sem heimild hafa til veiða á úthafs-rækju, er heimilt að stunda veiðar á rækju utan viðmiðunarlínu sbr. l. nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með eftirfarandi takmörkunum:

1. Við Eldey eru rækjuveiðar bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N.
2. Fyrir Suðurlandi eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði milli 14°30'V og 23°00'V allt árið.
3. Fyrir Norðurlandi, á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi norður frá Horni og Rauðanúp, eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar öllum skipum stærri en 200 brúttórumlestir, sunnan 66°40'N, á tímabilinu frá og með 15. maí til og með 31. október.
4. Fyrir Vesturlandi sunnan línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, eru rækjuveiðar aðeins heimilar skipum, sem gerð eru út og skráð eru frá Vesturlandi og Suðurlandi. Tekur heimild þessi til skipa, sem skráð eru og gerð út frá verstöðvum sunnan línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða. Skipum er frysta eigin afla er þó óheimilt að stunda veiðar á þessu svæði.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru rækjuveiðar heimilaðar í Héraðsflóa utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austnorðaustur frá Bjarneyjarvita og Ósfles.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 165 5. maí 1992, um veiðisvæði við úthafs-rækjuveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. september 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.